

INNLENDAR FRÉTTIR í stuttumáli

LEITA AÐ DAUÐU FÉ Í GÖNGUM

Björk, 14. sept.

Göngur hefjast ekki fyrr en 22. þessa mánaðar hér í Mývatnssveit. Rétt að verður 25. og 26. september. Enn eru fannir til fjalla síðan í hríðarveðrinu, sem gerði í ágúst. Það mun koma í ljós þegar smalað verður hvort mikil brögð hafa orðið að því að fé hafi fennt í þessu veðri.

Ekki er áætlað að Mývetningar geti byrjað að slátra á Húsavík fyrr en undir næstu mánaðamót.

Heyskap er almennt lokið fyrir nokkru, enda þótt einstaka maður sé ekki enn búinn að aka öllu heyi inn. Telja verður sumarið eitt hið hagstæðasta til heyskapa. Ætli heyfengur að vera með bezta móti og verkun afbragðs góð.

— Kristján.

FYRIRLESTRAR UM VATNSRENNSLI

Prófessor Roger De Wiest frá Princetonháskóla mun í vetur halda 25 fyrirlestra á vegum verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands um grunnvatnsrennsli. Fyrirlestrar munu fjalla um yfirborðsvatn, rennsli jarðvatns í gljúpum jarðlögum, þéttingu jarðlaga og neðanjarðarrennsli laga heita vatnsins.

Prófessor De Wiest er verkfræðingur að menntun frá Belgíu. Hann stundaði framhaldsnám í verkfræði í Bandaríkjunum og sérmenntaði sig þar í rennslifræðum. Síðustu 12 árin hefur hann verið prófessor við Princetonháskóla í þessum fræðum og hefur jafn framt starfað sem ráðunautur og fyrirlesari í fjölmörgum löndum. Hingað kemur hann sem gístiprófessor við Háskóla Íslands frá Atlantshafsbandalaginu.

Fyrstu fimm fyrirlestrarnir verða miðvikudaginn 15. þ.m. kl. 17.15-19 og fimmtudaginn 16. þ.m. kl. 9.15-10. og 17.15-19.00 í I. kennslustofu háskólans. Öllum er heimill aðgangur.

HITAVEITA Í MÝVATNSSVEIT

Björk, Mývatnssveit, 14. sept.

Framkvæmdir við hitaveituna í Mývatnssveit ganga nokkurn veginn samkvæmt áætlun. Vonast er til að hægt verði að hleypa heitu vatni á fyrstu húsin í næstu viku.

— Kristján.

LÆKNAPING

LÆKNAPING Læknafélags Íslands hefst í Reykjavík á fimmtudag og stendur til sunnudags. Aðalmál þingsins verða framhaldsmenntun lækna, nýja heilbrigðislöggjöfin og nýjustu aðferðir til lækninga á illkynja sjúkdómum. Fyrirlesarar verða bæði innlendir og erlendir læknar. Læknaþing er haldið annað hvert ár og í tengslum við það er aðalfundur Læknafélags Íslands, sem er fulltrúafundur sveðisfélaga.

McGovern hætt kominn

Saigon, 14. sept. AP.

HERLÖGREGLUMENN í Saigon björguðu í dag bandaríska öldungadeildarþingmanninum George McGovern út úr kirkju, þar sem hann hafði leit að hælis undan æstum múg, er gerði aðsúg að honum. Var McGovern lokaður inni í kirkjunni í rúma klukkustund, áður en lögreglumenn komu honum til hjálpar. Þingmaðurinn, sem er einn af hörðustu andstæðingum Vietnamstríðsins, er í kynnisferð í S-Vietnam.

Fréttamenn í Saigon segja að stöðugt gæti meiri andúðar í garð Bandaríkjanna í S-Vietnam og segja að hermdarverk aukist stöðugt. Í dag var eldsprengrum varpað að 4 bandarískum bifreiðum í Saigon. McGovern sagði við fréttamenn að hann hefði ekki tekið atvikið nærri sér og bætti við brosandí, „ég var sprengjuflugmaður í stríðinu og er því ýmsu vanur.“



Jónas Pálsson.

Jónas Pálsson skólastjóri Æfingaskólans


JÓNAS Pálsson, sálfræðingur, hefur verið settur skólastjóri Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands um eins árs skeið frá 1. þ. m. að telja; segir í frétt frá menntamálaráðuneytinu.

Jónas Pálsson hefur verið forstöðumaður sálfræðipjónustu barnaskólanna í Reykjavík frá 1960. Að menntun er hann stúdent frá MA og sálfræðingur frá Edinborgarháskóla 1952, en stundaði framhaldsnám í uppeldisfræði í Ösló. Hann hefur m. a. kennt uppeldisfræði við Kennaraháskóla Íslands, verið í stjórn Barnaverndarfélags Reykjavíkur og í Æskulýðsráði Kópavogs og hann hefur ritað greinar um uppeldis og skólamál.

Vélskólinn fullsetinn

VÉLSKÓLI Íslands verður settur í dag kl. 2 síðdegis í hátíðasal Sjómannaskólans. Andrés Guðjónsson setur nú skólann í fyrsta sinn en hann tekur nú við skólastjórn af Gunnari Bjarnasyni.

Gífurleg aðsókn er að skólanum og meiri en hægt var að verða við. Sitja 270 nemar í skólanum í Reykjavík en í deild skólans á Akureyri verða 35 og 30 í deild skólans í Vestmannaeyjum. Alls eru því nemendurnir 335, en neita varð yfir 30 piltum um skólavist vegna þrengsla.



Fulltrúar verkalyðsfélaganna í 9 manna nefndinni með ráðherrum áður en víðræðufundurinn hófst í Alþingishúsinu í gær.

Fundur 9 manna nefndar og ráðherra:

Ekki endilega í krónutölu

FUNDUR ríkisstjórnarinnar og víðræðunefndar ASÍ hófst kl. 2.30 í gær og lauk um 4. leytið. Lýstu aðilar viðhorfum til kjaramála og fulltrúar ríkisstjórnarinnar skýrðu nánar í hverju fyrirheit hennar um vinnutímastýttingu, orlofslengingu og aukningu kaupmáttar launa um 20% væri fólgin.

Að fundinum loknum hafði Mbl. samband við Ólaf Jóhannesson, forsætisráðherra, og spurði um fundinn. Sagði hann að hver hefði skýrt sín sjónarmið. Og aðspurður um í hverju fyrirheitin um 20% hækkunina væru fólgin, svaraði ráðherra, að ríkisstjórnin hefði lýst því yfir, að kaupmáttur gæti hækkað hjá vissum stéttum. Og um það, hvernig yrði framkvæmd slíkrar hækkunar, sagði ráðherra, að hún þyrfti ekki endilega að vera í krónutölu, annað gæti komið á móti. Ekki kvaðst hann vilja fara frekar út í það.

Af hálfu ríkisstjórnarinnar voru mættir á fundinum þeir ráðherrar, þeir Ólafur Jóhannesson, forsætisráðherra, Hannibal Valdimarsson, félagsmálaráðherra, og Lúðvík Jósefsson, sjávarútvegsmálaráðherra. En af

hálfu verkalyðsfélaganna Björn Jónsson, forseti Alþýðusambands Íslands, Eðvarð Sigurðsson, formaður Verkamannasambandsins, Snorri Jónsson, formaður Málm- og skipasmíðasambandsins, Magnús Geirsson, formaður Félags ísl. rafvirkja, Benedikt Davíðsson, formaður Sambands byggingamanna, Pétur Sigurðsson, formaður ASV, Jón Ingimarsson, formaður Iðju á Akureyri, Guðmundur H. Garðarsson, formaður VR, og Hermann Guðmundsson, formaður Hlífar.

FUNDUR Á FIMMTUDAG

Mbl. hafði samband við Björn Jónsson eftir fundinn. Sagði hann að 9 manna nefndin hefði gert grein fyrir sínum viðhorfum og lagt fyrir ráðherra fyrirspurnir um fyrirheit þau, sem þeir hefðu gefið í yfirlýsingum. Og taldi hann að svörin hefðu

verið fullnægjandi eftir atvikum.

Næsta skref væri fundur 9 manna nefndarinnar með fulltrúum vinnuveitenda kl. 2 á fimmtudag. Þar mundi verða gerð grein fyrir aðalviðhorfum, þótt ekki yrði búið að ganga frá kröfum verkalyðsfélaganna.

Mbl. hafði samband við Guðmund H. Garðarsson, formann VR, og spurði um hans álit á upplýsingum þeim, sem fengust. Guðmundur sagði, að hér hefði verið um fyrsta fund að ræða með ríkisstjórninni og því erfitt að fullröð nokkuð ákveðið á þessu stigi um þau mál, sem þar hefðu verið til umræðu. Ekki kvaðst hann að öllu leyti ánægður með útskýringarnar um framkvæmd hinna svonefndu fyrirheita ríkisstjórnarinnar um laun og kjarabætur verkalyðshreyfingunni til handa.

Brennsluefnin hreinsuð úr kaffinu

KAFFIBRENNSLAN Arnarkaffi hefur fengið vél, sem hreinsar öll brennsluefni úr kaffi fyrir-tækisins, að því er Örn Kinsky, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, tjáði Mbl. Hann sagði, að nú á dögum mengunar, væri farið að gera nokkuð að því að hreinsa brennsluefni úr kaffinu í Þýskalandi, í Sviss, í Frakklandi, í Hollandi og víðar.

Kaffið fær í hreinsunarvélinni

kolsýrumeðhöndlun. Örn sagði, að það héldi kaffibragðinu, en losnaði við remmubragð og aðal-kosturinn þætti sá, að fólk sem fengi brjóstsvíða af kaffi, magsjúklingar og aðrir, þyldu það betur, ef brennsluefni væru numin burt. Vélin, sem Arnarkaffi hefur fengið, er frá München í Þýskalandi.

Arnarkaffi er ársgamalt fyrirtæki, sem staðsett er á Seltjarnarnesi. Bræðurnir Örn og Falk Kinsky höfðu unnið við kaffigerð hjá öðrum í 20 ár, en hófu svo eigin brennslu.

Peking, 14. sept. AP.

KINVERSKA fréttastofan Nýja Kína skýrði í dag í fyrsta skipti frá láti Krúsjéffs eftir þriggja daga þögn. Ekkert var um lát hans sagt af hálfu hins opinbera, aðeins lesin fréttin, sem Tass sendi út.

Könnun á þörf fyrir daggæzlu í Reykjavík

— spurningalistar sendir út

FÉLAGSMÁLARÁÐ Reykjavíkur gengst nú fyrir könnun á þörf um reykviskra heimila fyrir daggæzlu barna. Könnunin fer þannig fram, að nokkrum fjölda mæðra í Reykjavík er sendur spurningalisti til útfyllingar.

Þátttakendur í könnuninni voru valdir með algerlega hlutlausum hætti, segir í frétt frá Félagsmálaráði, þannig að allar mæður í Reykjavík höfðu jafn mikla möguleika á að lenda í úrtakinu.

Bindur Félagsmálaráð miklar vonir við niðurstöður þessarar könnunar. Þær geta orðið til mikils gagns við ákvörðun framtíðarstefnu í dagvistunarmálum Reykjavíkurborgar. Spurningarnar eru 14 talsins og þeim er fljót svarað. Farið verður með svörin sem trúnaðarmál.

Bréfin til þátttakenda var póstið löggösl mánuðag, en þeim fylgir umslag með árituðu heimilis-

fangi dagvistunarkönnunarinnar og er ætlað til að spurningalistanum sé svarað og hann ekki póstið seinna en 23. september.

Haustsýning myndlistarmanna framlengd vegna aðsóknar

HAUSTSÝNING Félags íslenskra myndlistarmanna hefur verið framlengd vegna mikillar aðsóknar. Átti henni að ljúka í gærkvöldi, en sýningin verður framlengd til sunnudagskvöldsins 19. september. Kjartan Ragnarsson, gjaldkeri félagsins, sem sér um sýninguna tjáði Mbl. að á þriðja þúsund manns hefðu séð sýninguna, sem opnuð var laugardaginn 4. sept-

ember. Hefðu 16 myndir selzt, þar af fjórar höggmyndir og væri það mætsala á haustsýningum félagsins.

Kvað Kjartan myndlistarmenn ákaflega ánægðir með hið nýja sýningarhúsnæði í Norræna húsinu, og yrði ánægjulegt að fá þangað Norðurlandásýningar.

Skólafólk nýtur sérstakra hlunninda á sýningunni og fær afslátt af aðgangseyri.